

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Láland 18-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 3, vegna lóðarinnar nr. 18-24 við Láland. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 1,5 metra til suðurs á hluta byggingarreits. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bergstaðastræti 49.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186.1, vegna lóðarinnar nr. 49 við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst að fjarlægja núverandi timburverönd og viðbyggingu við suðurhlið hússins og byggja nýja, lága viðbyggingu á sama stað í hæð sem nemur hæð kjallara. Á þaki nýrrar viðbyggingar verður ný verönd í stað núverandi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krókháls 13 og Laxalón 2 og 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. desember 2016, breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðanna nr. 13 við Krókháls og 1 og 4 við Laxalón. Í breytingunni felst að lögum og byggingarreitur lóðarinnar nr. 13 við Krókháls er breytist, en stærðir verða óbreyttar, lóð nr. 2 við Laxalón er stækkuð og lóð nr. 4 við Laxalón er minnkuð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. janúar 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2017